

Hvert skal halda?

Gylfi Arnbjörnsson

Forseti ASÍ

Undirbúningur kominn á fullt



- Aðildarsamtök ASÍ eru komin á fullt skrið við undirbúning kjarasamninga
 - Erum þó seinni á ferð en að var stefnt m.a. vegna þess hversu seint fjárlagafrumvarpið kom fram
- Nokkur samhljómur virðist vera að myndast um:
 - Skammtímasamning vegna óvissu og tortryggni – lausn til 6-12 mánaða
 - Að stöðugleiki verði tryggður
 - Að auka kaupmátt
 - Athyglisvert að allir hafa komist að þeirri niðurstöðu að „lagfæra“ einhverja hópa m.v. almenna þróun launa

Tilboð ASÍ til stjórnmalanna í vor



- Að launahækkarnir verði á grundvelli fasts gengis og lágrar verðbólgu sem leiðir til bættra lífskjara og aukins kaupmáttar
 - Tryggja stöðugleika í gengismálum og að jafna starfsskilyrði atvinnulífsins með því að **festu gengi krónunnar** og **lækka stýrivexti verulega** á meðan við búum við gjaldeyrishöft
- Sókn í atvinnumálum á grundvelli lægri vaxta, aukinnar verk- og tæknimenntunar, „annars tækifæris til náms“ og betra markaðsaðgengis fyrir okkar mikilvægustu fullunnu afurðir
- Samstöðu um eflingu velferðarkerfisins og öryggis í húsnæðismálum
 - Almennt húsnæðislánakerfi með löngum óverðtryggðum lánnum og traust félagslegt húsaleigukerfi

Hvaða viðbrögð höfum við fengið



- Í stjórnarsáttmálanum er lögð áhersla á sátt, samráð og samvinnu
- Reyndin er hins vegar nánast engin samskipti
 - Á sumarþingi var auðlindaskattur og VSK á ferðaþjónustu lækkaður og lífeyrir þeirra sem hafa meira en 230-330 þús.kr. frá lífeyrissjóði hækkaður
 - Skipaðar hafa verið nefndir og ráð án fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar
 - Síðan kom fjárlagafrumvarpið!

Rangar áherslur og forgangsröðun



- Mikilvægir langtíma tekjustofnar rýrðir sem setur markmið um jöfnuð í ríkisfjármálum í uppnám
 - Skattur á fjármálafyrirtæki í slitameðferð ágætur sem slíkur, en er klárlega tímabundin aðgerð
- Snúið af braut enduruppbyggingar velferðarkerfisins og áfram hoggið í sama knérunn
 - Heilbrigðiskerfi á brauðfótum þar sem vaxandi fjöldi fólks hefur ekki lengur ráð á því að leita sér lækninga
 - Menntakerfi í uppnámi og áfram þrengt að verk- og tæknimenntun, aðstoð við þá sem eru í námsörðugleikum og ekkert „annað tækifæri til náms“ í boði
 - Framlög til ráðgjafar og virkni við atvinnuleitendur nánast þurrkuð út og vaxandi fjöldi atvinnuleitenda án bótaréttar!
 - Áfram byggt á óréttlátu kerfi almannatrygginga með 100% tekjutengingum á almennt launafólk
- Lækkun skatta fyrir suma en alls ekki fyrir aðra!



Varðstaðan um velferðina!

- Verkalýðshreyfingin verður að spyrna við fótum – því þetta var bara fyrsta vers!
 - Hvað verður eftir sveitarstjórnarkosningarnar í vor?
- Þetta snýst um hagsmuni okkar fólks, bæði þeirra tekjulægri og millitekjufólksins
- Þurfum að setja fram þá ófrávíkjanlegu kröfu að allt tal um sátt, samráð og samvinnu verði að byggja á því að sátt sé um velferðarkerfið



En hvaða leiðir eru færar?

- Ljóst að gerðir verða skammtímasamningar en tvær leiðir færar:
 - Hver fari fram fyrir sig og láti á það reyna að leiðréttingum fyrir sína hópa
 - Ekki ljóst hvað verður um „hina“
 - Að sumu leyti áhyggjuefni hvernig umræðan innan okkar raða snýst meira um sérstöðu einstakra hópa fremur en samstöðu og samtakamætti
 - Samræma göngulagið með „vopnahléi“ til 6-12 mánaða
 - nýta tímann til að skapa forsendur og grundvöll fyrir breiðri sátt
- Höfum tvennt hugfast:
 - Geta okkar til að hafa áhrif á stjórnvöld byggir á samtakamætti okkar og það er verk að vinna í forgangsröðun fjárlagafrumvarpsins
 - Atvinnurekendur og stjórnvöld verða að gera sér grein fyrir því að það er ekki og verður ekki í boði af hálfu verkalyðshreyfingarinnar að hlutfall launa af landsframleiðslu festist í 53-55%!
 - Þetta snýst um langtíma grundvallarhagsmuni og kann að kalla á hörð viðbrögð okkar



En af hverju „vopnahlé“

- Það hljómar mjög sterk krafa í okkar hreyfingu að félagsmenn okkar fái að njóta lægri verðbólgu og lægri vaxta, að hér komist á stöðugleiki í raun og veru
 - Þetta kallar á samstilltar aðgerðir
- Það er líka krafa að forsenda slíks sé að allir – atvinnurekendur, ríkisstjórn og sveitarfélög – séu þátttakendur í slíkri vegferð en ekki bara launafólk
 - Þetta kallar á breyttar væntingar og samræmingu
- Undirliggjandi vantraust á milli aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda
 - Þetta kallar á samræðu og sameiginlega sýn
- Ef þetta á að vera hægt þurfum við tíma og við þurfum einlægni í samskiptum

Hvað eru forsendur „vopnahlés“



- Breyttar áherslur í fjárlagafrumvarpi
 - 5-6 milljarða króna þarf til að laga velferðaráherslur
 - 3-4 milljarða í heilbrigðismál, bæði rekstur spítala og beina lækkun á greiðsluþátttöku almennings
 - 1-1,5 milljarða í menntamálin
 - 0,5-1,0 milljarða í virkar vinnumarkaðsaðgerðir og þjónustu við langtíma atvinnuleitendur
 - Draga verður úr tekjutengingum milli almannatrygginga og lífeyrissjóða
- Samkomulag um „ásættanlegar launahækkanir“
 - Samið verði um sérstaka viðræðuráætlun um næsta kjarasamning sem gæti verið til lengri tíma þar sem unnið verði með uppbyggingu og innihald kjarasamninga



Hvað eru forsendur

- Skipaðir verði viðræðuhópar um viðræður um mikilvæg mál byggt má málefnalegum og efnislegum rökum:
 - Gengis- og peningamál og forsendur fasts gengis
 - Húsnæðismál, einkum nýtt húsnæðislánakerfi og félagslegt húsnæðiskerfi
 - Ríkisfjármál og skatta, jöfnuð í afkomu, sátt um velferð og tekjuskiptingu
 - Menntun og vinnumarkaðsmál, „annað tækifæri til náms“ og verk- og tæknimenntun
 - Forsendur hagvaxtar og atvinnuuppbyggingar, erlendar fjárfestingar og aukna fullvinnslu
 - Jöfnun lífeyrisréttinda og jafna byrið af efnahagshruni
 - Viðspyrnu gegn kennitölufлакki og svartri atvinnustarfsemi



Næstu skref?

- Láta á þetta reyna næstu vikurnar gagnvart samninganefndum og stjórnvöldum
 - Er raunverulegur vilji til þess að fara slíka leið?
- Nota veturinn til þess að undirbyggja sáttina sem lagt geti grunn að raunverulegum stöðugleika og uppbyggingu sem byggir á traustu velferðarkerfi og jöfnuði í þessu landi
- Höfum það hugfast að verkalýðshreyfingin hefur verið öflugasti málsvari norræna velferðar- og vinnumarkaðskerfisins
 - Og það höfum við fyrst og fremst gert á grundvelli samstöðu og samtakamáttar
 - Á því byggja okkar stærstu sigrar og þar eru okkar mikilvægustu verkefni því samstaða verður ekki til af engu!